

Fimmtudaginn 25. mars 1993.

Nr. 45/1993.

Ákærvaldið

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Hannesi Jónssyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Þjófnaður. Skjalafals.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir og Hjörtur Torfason.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. janúar 1993 að ósk ákærða til endurskoðunar á ákvörðun viðurlaga, en jafnframt af hálfu ákærvalds til þyngingar á refsingu. Hér fyrir dómi var af ákærvaldsins hálfu krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms.

Eins og fram kemur í hinum áfrýjaða dómi, er ákærði síbrota- maður. Refsing hans er þar hæfilega ákveðin, sbr. 72. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og ber að staðfesta dóminn.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Ákærði, Hannes Jónsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000 krónur, og málsvarnarlaun til verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 20.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 30. desember 1992.

Ár 1992, miðvikudaginn 30. desember, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Pétri Guðgeirssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-246/1992: Ákærvaldið gegn Hannesi Jónssyni, sem dómtekið var þann sama dag. Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 8. desember 1992, á hendur ákærða Hannesi Jónssyni, kt. 210851-372, til lögheimilis á Böggisbraut 3 á Dalvík, „fyrir eftirgreind brot, framin í Reykjavík 1992:

I.

Fyrir að hafa í júní brotist inn í íbúð að Vesturbergi 54, Reykjavík, og stolið þar kjörbók Jónu Bjarkar Elmarsdóttur á reikning nr. 65815 frá Landsbanka Íslands með innstæðu 28.203,97. Ákærði tók 17.000 kr. út af reikningnum 16. júní í Landsbanka Íslands, Austurstræti 11.

II.

Þriðjudaginn 11. júlí brotist inn í íbúð í húsinu nr. 7 við Meistaravelli og stolið þar sparisjóðsbók Hrefnu Guðnadóttur á reikning nr. 175369 með innstæðu 107.425,64 kr. Ákærði tók 95.000 út af reikningnum sama dag.

III.

Þriðjudaginn 25. ágúst brotist inn í íbúð í húsinu nr. 6 við Snæland í Reykjavík og stolið þar sparisjóðsbók Gísla Guðlaugs Gíslasonar á reikning nr. 62343 frá Landsbanka Íslands með innstæðu 807.235,56 kr. og hafa jafnframt, síðar sama dag, tekið 220.000 kr. út af reikningnum í Grensás-útibúi Landsbankans með því að falsa beiðni um úttekt af reikningnum með nafnrituninni Ómar Jónsson í reit fyrir nafn þess, sem tekur út fé.

Teljast þjófnaðir ákærða varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en framvísun fölsuðu beiðnarinnar samkvæmt síðasta ákærulið telst varða við 1. mgr. 155. gr. sömu laga.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar.

Í málinu krefst Gísli Guðlaugur Gíslason bóta úr hendi ákærða, 186.000 kr. “. Við meðferð málsins var kröfufjárhæðin hækkuð í 228.000 krónur með samþykki ákærða.

Ákærði hefur skýlaust viðurkennt að hafa framið brot þau, sem hann er ákærður fyrir. Hefur hann með því orðið sekur um brot gegn 1. mgr. 155. gr. og 244. gr. almennra hegningarlaga.

Gísli Guðlaugur Gíslason hefur krafist þess, að ákærði verði dæmdur til þess að greiða 228.000 krónur í skaðabætur, og hefur ákærði samþykkt kröfunna. Ber að dæma ákærða til þess að greiða Gísla Guðlaugi þá fjárhæð.

Ákærði hefur frá árinu 1974 verið dæmdur fimmtán sinnum fyrir hegningarlagabrot, aðallega þjófnaði og skjalafals. Er samanlögð refsivist hans samkvæmt dómum þessum orðin rúm fimmtán ár. Þá er þess að geta, að ákærði situr nú í gæsluvarðhaldi vegna innbrotsþjófnaða í október og nóvember í haust. Þykir refsing hans nú vera hæfilega ákveðin fangelsi í tvö ár. Frá refsingunni ber að draga 39 daga gæsluvarðhaldsvist ákærða.

Dæma ber ákærða til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með talda verjandaþóknun til Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmans, 25.000 krónur.

Í ákæru málsins, bréfi ríkissaksóknara með henni og sakavottorði ákærða er hann nefndur „Højgaard“, en það er hvorki í samræmi við fæðingarvottorð ákærða né önnur sakargögn.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Hannes Jónsson, sæti fangelsi í tvö ár. Frá refsingunni dregst 39 daga gæsluvarðhaldsvist ákærða.

Ákærði greiði Gísla Guðlaugi Gíslasyni, kt. 240315-2629, 228.000 krónur í skaðabætur.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talda verjandabókun til Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.
